



351. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var á Microsoft Teams, föstudaginn 2. febrúar 2024 kl. 17:00.

Mætt: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Olga Bjarnadóttir 2. varaforseti, Daníel Jakobsson, Elsa Nielsen, Hafsteinn Pálsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hjördís Guðmundsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Kári Mímisson, Valdimar Leó Friðriksson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri, Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri Stjórnsýslusviðs og Kári Steinn Reynisson rekstrarstjóri ÍSÍ.

Forföll: Garðar Svansson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum. Aðeins eitt mál var á dagskrá fundarins, þ.e. úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ. Að mati forseta höfðu Úlfur H. Hróbjartsson, Valdimar Leó Friðriksson og Viðar Garðarsson ekki með hæfi á fundinum vegna starfa þeirra sem framkvæmdastjórar sérsambanda. Úlfur og Viðar voru ekki mættir en Valdimar Leó vék af fundi.

Dagskrá:

1. Úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ

Forseti gaf Daníel Jakobssyni formanni Afrekssjóðs ÍSÍ orðið.

Daníel fór í gegnum atburðarrás síðustu daga. Fyrir fundinum lá fundargerð 309. fundar Afrekssjóðs ÍSÍ og minnisblað með frekari útskýringum.

Hann vísaði í tillögu um úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ, sem staðfest var á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ þann 18. janúar sl. Var sérsamböndum í framhaldinu tilkynnt um úthlutun styrks til viðkomandi sérsambands og sundurliðun hans í afreksþætti. Í kjölfarið óskuðu nokkur sérsambönd eftir fundi til að fá skýringar á úthlutun sinni.

Þann 24. janúar sl. var haldinn fundur starfsmanna ÍSÍ með fulltrúum FSÍ þar sem þeir komu á framfæri sínum athugasemdum við úthlutunina og fengu skýringar. Var sá fundur haldinn þar sem fulltrúar FSÍ komust ekki á sameiginlegan fund allra sérsambanda. Þann 29. janúar var haldinn sameiginlegur fundur fulltrúa stjórnar Afrekssjóðs, forseta, framkvæmdastjóra og afreksstjóra ÍSÍ og sérsambanda þar sem sérsamböndin gátu fengið skýringar á sinni úthlutun eða komið á framfæri athugasemdum við úthlutunina. Á fundinum komu fram athugasemdir og ábendingar sérsambanda vegna úthlutanna sem stjórn sjóðsins taldi rétt að skoða. Forseti ÍSÍ upplýsti á fundinum með sérsamböndunum um að ÍSÍ hafi sent bréf á fjármála- og efnahagsráðherra og mennta- og barnamálaráðherra þar sem lýst er áhyggjum varðandi takmarkað fjármagn í afreksstarf sérsambanda og kallað eftir auknu framlagi. Jafnframt var í bréfinu óskað eftir fundi með þessum ráðherrum.

Eftir yfirferð á athugasemdum sérsambanda ákvað sjóðsstjórnin að leggja til að úthlutun hjá nokkrum sérsamböndum verði aukin.

Við úthlutun láðist að taka tillit til Verkefnasérsambanda þegar horft var til 25% reglu sem segir að heimilt sé að „...veita sérsambandi viðbótarstyrk til að koma í veg fyrir að

heildarstyrkur til sérsambandsins úr Afrekssjóði ÍSÍ lækki umfram 25% á milli ára“. Leiðréttist það hér með.

Lagt til að styrkur til neðangreindra sérsambanda verði hækkaður sem hér segir:

Sérsamband	Úthlutun 18.1.	Úthlutun nú	Úthlutun alls
Borðtennissamband Íslands	1.400.000	17.500	1.417.500
Hnefaleikasamband Íslands	1.400.000	62.500	1.462.500
Skautasamband Íslands	1.400.000	325.000	1.725.500
Tennissamband Íslands	1.400.000	325.000	1.725.000
Hjólreiðasamband Íslands	1.200.000	1.275.000	2.475.000

Aðrar lagfæringar:

Lagt er til að framlag til Fimleikasambands Íslands verði hækkað um 2.000.000 kr. vegna þátttöku í HM/EM/YOG ungmenna. Í umsókn FSÍ var árangur ranglega skráður.

Lagt er til að FSÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 2.000.000 kr. vegna þessa.

Lagt er til að framlag til Sundsambands Íslands verði hækkað um 220.500 kr. Umfang SSÍ var vanmetið í umsókn.

Lagt er til að SSÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 220.500 kr. vegna þessa.

Lagt er til að framlag til Körfuknattleikssambands Íslands verði hækkað um 5.950.000 kr. vegna kostnaðar vegna þátttöku í HM/EM/ÓL/PL. Við úthlutun hafði stjórn sjóðsins vanmetið árangur KKÍ.

Lagt er til að KKÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 5.950.000 kr. vegna þessa.

Lagt er til að framlag til Íshökkísambands Íslands verði hækkað um 3.500.000 kr. vegna kostnaðar við þátttöku í HM/EM/ÓL/PL. Við úthlutun hafði stjórn sjóðsins vanmetið árangur ÍHÍ. Við viðbótarúthlutunina fellur niður styrkur vegna 25% reglu að fjárhæð 933.902 og nemur því hækkunin 2.566.098 kr.

Lagt er til að ÍHÍ hljóti viðbótarstyrk að upphæð 2.566.098kr. vegna þessa.

Þannig er lagt til að viðbótarúthlutanir nú séu alls 12.741.598 kr. Verður heildarúthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ vegna ársins 2024 þá alls 512.143.098 kr.

Daníel skýrði frá því að samstaða væri í sjóðsstjórninni um þessar tillögur.

Umræður urðu um ofangreindar tillögur. Einnig rætt um gagnrýni sem fram hefur komið varðandi hversu seint úthlutunin lá fyrir, ástæðurnar fyrir þeirri seinkun og hvernig koma má í veg fyrir slíkt í framtíðinni. Mikil gagnrýni hefur komið fram frá sérsamböndum á það hversu lágt framlag ríkisins er til sjóðsins. Eins hefur komið fram ósk um enn meira gagnsæi og skýrleika í reglunum.

Ofangreindar tillögur Afrekssjóðs ÍSÍ um viðbótarúthlutun til ofangreindra sérsambanda staðfestar. Olga Bjarnadóttir, 2. varaforseti, sat hjá við atkvæðagreiðslu, með tilvísun í að hún vék af fundi þegar fjallað var um úthlutunina á 350. framkvæmdastjórnarfundi.

Skrifstofa annast útsendingu bréfa varðandi viðbótar úthlutanir til viðkomandi sérsambanda og birtingar á miðlum ÍSÍ.

2. Lottóúthlutun til sambandsaðila

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að útfærsla á nýjum úthlutnarreglum lottófjár til sambandsaðila ÍSÍ, vegna breytinga sem samþykktar voru af hálfu ÍSÍ og UMFÍ, lægi ekki endanlega fyrir. Því yrði greitt út á grundvelli fyrri reglna, með fyrirvara um lagfæringar. Þetta er samþykkt, því mikilvægt er að halda virku greiðsluflæði til sambandsaðila.

3. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.